



## Fundargerð

235. fundur Umhverfis- og skipulagsráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu 12,

20. september 2019, kl. 08:15

### Viðstaddir:

Eysteinn Eyjólfsson, Gunnar Felix Rúnarsson, Helga María Finnbjörnsdóttir, Ríkharður Ibsen, Róbert Jóhann Guðmundsson.

Starfsmenn: Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri, Gunnar Kr. Ottósson skipulagsfulltrúi, Sigmundur Eyþórsson tæknifulltrúi og Hrefna Höskuldsdóttir ritari.

\* \* \*

### 1. Hafnargata 81, 83 og 85 breyting á deiliskipulagi (2019090467)

Byggingafélag Gylfa og Gunnars leggur fram tillögu að breyttu deiliskipulagi, húsum verði fækkað úr þremur í tvö, en hækkuð í 8-9 hæðir.

*Erindið samrýmist ekki stefnu um ásýnd bæjarins, erindi hafnað.*

### 2. Hafnagata 31B krafa um endurskoðun (2019051555)

Jón Þór Þorgrímsson og Aldís Yngvadóttir Hafnagötu 33b mótmæla byggingaráformum á Hafnagötu 31b vegna misræmis við grenndarkynningu.

*Sent í grenndarkynningu á ný með uppfærðum gögnum.*

*Umhverfis- og skipulagsráð heimilar að tímabil grenndarkynningar sé stytta, samkv. 44.gr, málsgrein 3, Skipulagslaga.*

### 3. Heiðarból 27 Fyrirspurn um bílskúr (2019090463)

Guðmundur F. Valgeirsson óskar heimildar til að stækka hús sitt við Heiðarból 27. Stækkunin felst í viðbyggingu við núverandi bílskúr upp að bílskúr við lóðamörk Heiðarbóls 21. Byggingu á tengigangi milli húss og bílskúrs og stækkun á anddyri. Stækkun er samtals um 61,5m<sup>2</sup>.

*Samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda.*

### 4. Gistiheimili - fyrirspurn um lóð (2019090465)

Árni Guðmundsson leggur fram erindi þar sem hann óskar eftir lóð fyrir 550m<sup>2</sup> gistiheimili, en með möguleika á stækkun.

*Engar lóðir eru lausar fyrir slíka starfssemi eins og stendur.*



#### 5. Dalsbraut 30 - Niðurstaða grenndarkynninga (2019070007)

Bjarki Sveinsson f.h. Miðbæjareigna ehf. sækir um að reisa skjólgirðingu á lóðamörkum við göngustíg Dalsbrautar 30. Grenndarkynningu er lokið. Ein andmæli bárust er varða hæð og lengd girðingar.

*Tekið er undir að skjólveggur er hár og skapar ekki gott fordæmi fyrir girðingu meðfram göngustígnum, en vegna hæðasetningu á lóð er fallhætta. Samþykkt er 90 cm há girðing við lóðarmörkin að stíg.*

#### 6. Niðurrif á togaranum Orlik (2019070172)

Lögð er fram matskyldufyrirspurn vegna niðurrifs togarans Orlik við Njarðvíkurhöfn september 2019. Skipulagsstofnun óskar umsagnar Reykjanesbæjar.

*Erindi frestað.*

#### 7. Reykjanesbær - skilti (2019090067)

*Drög lögð fram.*

#### 8. Fjölbrautaskóli Suðurnesja - deiliskipulag (2019090479)

Fjölbrautarskóli Suðurnesja leggur fram tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna stækkunar skólans.

*Deiliskipulagið þarf að ná til alls skipulagsreitsins en þó að minnsta kosti til allra sambyggðar bygginga á reit. Óskað er eftir frekari gögnum. Erindi frestað.*

#### 9. Selvík 23 - umsókn um lóð (2019090379)

Potter ehf. sækir um lóðina Selvík 23.

*Úthlutun samþykkt.*

#### 10. Endurskoðun Umhverfisstefnu Reykjanesbæjar (2019090464)

*Endurskoðuð umhverfisstefna mun taka mið af stefnu Reykjanesbæjar til 2030 og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.*

#### 11. Deiliskipulag öryggissvæðis á Keflavíkurflugvelli (2019090541)

Óskað er eftir umsögn vegna deiliskipulags öryggissvæðis á Keflavíkurflugvelli.

*Umsögn skipulagsfulltrúa samþykkt.*

\_\_\_\_\_   
 Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.00

*Helga Marna Finnbj.*  
*Robert J. Jónsson*  
*Granna Þorvaldsson*  
*Pjetur Jónsson*